Persónuverndaryfirlýsing ALM verðbréfa hf.

Öflug persónuvernd er ALM verðbréfa hf. kappsmál og leggjum við mikla áherslu á að virða réttindi einstaklinga og að öll meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (hér eftir „persónuverndarlög“).

ALM verðbréf hf. er íslenskt verðbréfafyrirtæki sem veitir heildstæða þjónustu á sviði fjármála fyrir fyrirtæki, lífeyrissjóði og einstaklinga. Fyrirtækið starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins og hefur fengið starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki. Hjá ALM verðbréfum hf. er unnið með persónuupplýsingar í tengslum við framangreinda þjónustu. Unnið er með persónuupplýsingar stjórnarmanna og hluthafa, viðskiptavina, samstarfsaðila, birgja, verktaka og einstaklinga sem eru í forsvari fyrir lögaðila sem eiga í viðskiptasambandi við fyrirtækið.

Með persónuverndaryfirlýsingu þessari er greint frá því hvernig ALM verðbréf hf., kt. 450809-0980, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík (hér eftir „ALM“, „fyrirtækið“ eða „við“), stendur að vinnslu, s.s. söfnun, skráningu, vistun og miðlun persónugreinanlegra upplýsinga um einstaklinga (hér eftir einnig „þú“).

Yfirlýsing þessi nær til stjórnarmanna og hluthafa fyrirtækisins, birgja, þjónustuaðila, verktaka og einstaklinga sem eru í forsvari fyrir lögaðila sem eiga í viðskiptasambandi við fyrirtækið. Yfirlýsing þessi nær einnig eftir atvikum til annarra einstaklinga, t.d. þeirra sem eiga í samskiptum við fyrirtækið eða heimsækja heimasíðu ALM. Um vinnslu á persónuupplýsingum starfsumsækjenda og starfsmanna fyrirtækisins er þó fjallað í sérstakri persónuverndaryfirlýsingu.

Yfirlýsingin fjallar einkum um vinnslu persónuupplýsinga þegar einstaklingar:

- stofna til viðskipta við okkur fyrir hönd lögaðila sem þeir eru í forsvari fyrir
- eiga í samskiptum við okkur fyrir hönd lögaðila vegna viðskiptasambands
- hafa samband við fyrirtækið, hvort sem það er í gegnum skilaboð á vefsíðu, tölvupóst, síma eða samfélagsmiðla
- heimsækja heimasíðu okkar, www.almv.is eða samfélagsmiðlasíður okkar

Hvaða persónuupplýsingum safnar ALM um þig?

ALM leggur áherslu á að vinna einungis þær persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru í samræmi við þann tilgang sem liggur að baki söfnun upplýsinganna. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað eftir því hvort þú ert sjálf-/ur í samskiptum við fyrirtækið eða hvort samskiptin eru fyrir hönd lögaðila. Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt framangreindu fer eftir eðlis þess sambands sem þú átt við ALM.

ALM vinnur, eins og við á hverju sinni, einkum eftirfarandi persónuupplýsingar:

- auðkennis- og samskiptaupplýsingar, s.s. nafn og kennitölu, heimilisfang, tölvupóst og símanúmer
- upplýsingar um tengsl einstaklinga við lögaðila sem eiga í viðskiptasambandi við fyrirtækið, s.s. starfstitill og vinnustaður
- samskiptasaga, s.s. upplýsingar úr samskiptum sem þú velur að eiga við okkur, s.s. bréf, tölvupóstar, skilaboð í gegnum vefviðmót eða önnur samskipti
- greiðsluupplýsingar einstaklinga sem eiga í viðskiptasambandi við fyrirtækið, s.s. upplýsingar um bankareikninga, virðisaukaskattsnúmer og dagsetningar á framkvæmdum eða mótteknum greiðslum,

- upplýsingar um störf stjórnarmanna ALM og hlutverk, þ.m.t. prókúru og rithandarsýnishorn
- upplýsingar um hlutafjáreignir hluthafa, s.s. númer hlutabréfa, nafnverð þeirra, atkvæðaréttur og hlutfallslegt eignarhald,
- tæknilegar upplýsingar, s.s. IP tölu
- stafrænt fótspor, s.s. nethegðun

ALM vinnur ekki persónuupplýsingar sem flokkast sem viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt persónuverndarlögum né upplýsingar um sakfellingar í refsimálum eða refsiverða háttsemi.

Í hvaða tilgangi vinnur ALM persónuupplýsingar um þig?

ALM vinnur persónuupplýsingar einkum í þeim tilgangi að:

- stunda markaðssetningu
- bregðast við fyrirspurnum frá einstaklingum
- eiga í samskiptum við verktaka eða tengiliði fyrirtækja
- efna samninga
- uppfylla lagaskyldu sem hvílir á fyrirtækinu

Þegar þú notar heimasíðuna okkar www.almv.is kunnum við að safna upplýsingum um notkun þína, þ.e. IP tölu, tegund eða útgáfu vafra sem þú notar, tímasetningu og tímalengd heimsóknar og hvaða undirsíður þú heimsækir innan heimasíðu ALM. Upplýsingar um notkun okkar á vafrakökum, hverju sinni birtast við fyrstu heimsókn á heimasíðu okkar.

Lagalegur grundvöllur fyrir vinnslu persónuupplýsinga

ALM vinnur persónuupplýsingar byggt á eftirfarandi almennum heimildum samkvæmt persónuverndarlögum:

- á grundvelli samþykkis einstaklinga, sbr. 1. tl. 1. mgr. 9. gr. Þessi heimild á einkum við í tengslum við mælingar fyrirtækisins á heimsóknartölum á heimasíðu fyrirtækisins og til að bæta notendaupplifun á vefnum.
- til að uppfylla samningsskyldu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. Þessi heimild á einkum við þegar fyrirtækið á í viðskiptum við verktaka (einyrkja)
- til að uppfylla lagaskyldu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. Þessi heimild á einkum við í tengslum við meðhöndlun fyrirtækisins á persónuupplýsingum um hluthafa og stjórnarmenn.
- til að vernda lögmæta hagsmuni fyrirtækisins, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. Þessi heimild á einkum við þegar fyrirtækið á í samskiptum við tengiliði viðskiptavina, birgja eða verktaka.

Hversu lengi geymum við persónuupplýsingar um þig?

ALM geymir persónuupplýsingar eins lengi og þörf krefur samkvæmt þeim lögum og reglum sem við eiga í starfsemi félagsins, eða eins lengi og lögmætir hagsmunir félagsins krefjast og málefnaleg ástæða gefur tilefni til. Málefnaleg ástæða er til staðar ef enn er unnið með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra, eða vegna viðskiptalegra hagsmuna félagsins, t.d. til að setja fram og verja kröfur ALM. Af framangreindu leiðir að mismunandi varðveislutími getur átt við eftir tegund og eðli persónuupplýsinga.

ALM geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegur er til að uppfylla tilgang vinnslunnar eins og greint er frá honum hér að ofan. Sem dæmi eru þær upplýsingar sem teljast til bókhaldsgagna geymdar í sjö ár samkvæmt bókhaldslögum nr. 145/1994.

Frá hverjum safnar ALM þínum persónuupplýsingum?

Við söfnum persónuupplýsingum frá þér og í vissum tilvikum eru persónuupplýsingar fengnar með sjálfvirkum hætti, t.d. við notkun heimasíðu okkar.

Hvenær miðlar ALM persónuupplýsingum þínum til þriðju aðila og af hverju?

ALM miðlar einungis persónuupplýsingum til þriðju aðila þar sem slíkt er skylt samkvæmt lögum eða ef um er að ræða þjónustuveitanda sem ráðinn er af hálfu ALM til þess að vinna fyrirfram ákveðna vinnu. Sem dæmi má nefna aðila sem sjá um upplýsingatækni- og fjarskiptaþjónustu. Í vissum tilvikum geta slíkir aðilar talist vera vinnsluaðilar og gerir ALM þá vinnslusamning við viðkomandi aðila í samræmi við kröfur persónuverndarlaga.

ALM gæti einnig deilt persónuupplýsingum með þriðju aðilum þegar slíkt er nauðsynlegt til að vernda brýna hagsmuni fyrirtækisins, eins og við innheimtu á vanskilakröfu.

Ef til þess kemur að vinnsluaðili vinni, þ.m.t. hýsi, gögn fyrir utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES svæðið), þá gætir ALM að því að lögmætur grundvöllur sé til staðar samkvæmt persónuverndarlögum.

ALM vill benda þér á að þegar þú ferð inn á eða hefur samband við okkur í gegnum samfélagsmiðlasíður okkar, þá gæti verið að veitendur samfélagmiðlaþjónustunna fái aðgang að upplýsingum og hvetjum við þig til að kynna þér vel persónuverndaryfirlýsingar þeirra.

Öryggi persónuupplýsinga og tilkynning um öryggisbrest

Öryggi í vinnslu persónuupplýsinga er ALM mikilvægt og höfum við gripið til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana til að tryggja vernd persónuupplýsinga þinna í takt við stefnu okkar um öryggi, þ.m.t. með viðeigandi aðgangsstýringum.

Komi upp öryggisbrestur sem varðar þínar persónuupplýsingar, og teljist slíkur brestur hafa í för með sér mikla áhættu fyrir frelsi og réttindi þín, munum við tilkynna þér um það án ótilhlýðilegrar tafar. Í þessum skilningi telst öryggisbrestur atburður sem leiðir til þess að persónuupplýsingar þínar glatist eða eyðist, þær breytist, séu birtar eða óviðkomandi fái aðgang að þeim í leyfisleysi.

Réttindi þín

Með fyrirvara um þau skilyrði sem nánar er fjallað um persónuverndarlögum, átt þú rétt á að:

- fá upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar fyrirtækið hefur skráð um þig og uppruna þeirra, sem og upplýsingar um hvernig unnið er með persónuupplýsingar um þig,
- fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem eru unnar um þig, eða óska eftir að þær séu sendar til þriðja aðila,
- persónuupplýsingar þínar séu uppfærðar og leiðréttar ef tilefni er til,

- ALM eyði persónuupplýsingum þínum ef ekki er málefnaleg eða lagaleg skylda til að varðveita þær,
- koma á framfæri andmælum ef þú vilt takmarka eða koma í veg fyrir að persónuupplýsingar þínar séu unnar,
- upplýsingar um það hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanataka, og þá á hvaða rökum slík ákvarðanataka er byggð og endurskoðun á sjálfvirkri ákvarðanatöku,
- afturkalla samþykki þitt um að ALM megi safna, skrá, vinna eða geyma persónuupplýsingar þínar, þegar vinnsla byggist á þeirri heimild.

Viljir þú nýta rétt þinn getur þú sent skriflega beiðni á regluvörð fyrirtækisins, Arnar Jónsson, í gegnum netfangið arnar@almv.is. Við munum staðfesta móttöku á beiðninni og að jafnaði bregðast við innan mánaðar frá móttöku beiðni. Verði ekki unnt að bregðast við innan mánaðar munum við tilkynna þér um töf á afgreiðslu innan mánaðar. Ekki er innheimt gjald þegar einstaklingar nýta rétt sinn í samræmi við ofangreint, nema í þeim tilvikum sem beiðni telst óhófleg eða augljóslega tilefnislaus.

Þú hefur einnig rétt til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd sjáir þú ástæðu til þess. Upplýsingar um Persónuvernd má finna á heimasíðu þeirra, www.personuvernd.is.

Frekari upplýsingar

Ef þú vilt fá frekari upplýsingar um málefni sem snúa að þínum persónuupplýsingum þá bendum við þér á að hafa samband við okkur:

ALM verðbréf hf.
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 460-6440
Netfang: almv@almv.is

Yfirferð og endurskoðun persónuverndaryfirlýsingar X

Persónuverndaryfirlýsing ALM er endurskoðuð reglulega og uppfærð ef tilefni er til. Síðast var yfirlýsingin uppfærð þann 15.3.2023.